

Lög Nemendafélagsins Tuma

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins 3. apríl 2019

I. Nafn félagsins

1. grein

- a. Heiti félags stúdenta í tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfafraeði og starfstengds diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun er Tumi.
- b. Samtökin eru frjáls félagasamtök stúdenta í tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfafraeði og starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands.

II. Varnarþing

2. grein

- a. Heimili félagsins og varnarþing er við Menntavísindasvið Háskóla Íslands við Stakkahlíð í Reykjavík. Skrifstofa nemendafélagsins er staðsett í Stakkahlíð (Skúta).

III. Tilgangur og markmið

3. grein

- a. Tilgangur nemendafélagsins Tuma er að
 - i. Að gæta hagsmuna nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfafraeði og starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun ásamt því að vera málsvari þeirra í stúdentaráði Háskóla Íslands.
 - ii. Að efla fagvitund og samheldni nema í tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfafraeði og starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun með því að skapa félögum vettvang til umræðna og skoðanaskipta.
 - iii. Að standa fyrir viðburðum fyrir meðlimi félagsins bæði til dægrastyttingar og til að auka fagþekkingu nemenda.
 - iv. Að efla samvinnu félagsmeðlima við aðrar deildir innan Háskóla Íslands.
 - v. Að efla samvinnu félagsmeðlima við aðrar sambærilegar brautir í háskólum erlendis.
 - vi. Að kynna starfsmöguleika fyrir félagsmeðlimum og stuðla að samskiptum við þar til gerð fyrirtæki.

4. grein

- b. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að fá sem flesta til þess að gerast meðlimir og kynna félagið og námsbrautirnar þar með betur fyrir almenningi.

IV. Félagsaðild

5. grein

- a. Rétt til félagsaðildar eiga einstaklingar sem eru við nám í tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfafraeði og nemar

starfstengds diplomanáms fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands. Þeir eiga aðild að félaginu, nema þeir segi sig formlega úr því.

- b. Aukaaðild geta þeir sótt um sem stunda háskólanám með tómsunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, þroskaþjálfarafræði og/eða starfstengds diplomanáms fyrir fólk með þroskahömlun sem aukagrein. Umsóknir um aukaaðild eru afgreiddar af stjórn félagsins. Stjórnin tilnefnir málskotsnefnd ef þurfa þykir.
- c. Stjórnarmeðlimir frá fyrra starfsári fá frítt félagsgjald á næsta starfsári og fá frían miða á árshátíð Tuma

V. Dagskrá aðalfundar

6. grein

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Setning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Ársreikningar lagðir fram.
5. Umræður um skýrslu og ársreikninga.
6. Lagabreytingar.
7. Kosning stjórnar.
8. Ákvörðun um árgjald.
9. Önnur mál.

VI. Stjórnarkjör

7. Grein

- a. Stjórnarkjöri skal haga þannig:
 - i. Kjósa skal 5 meðlimi í kjarnastjórn. Þeir meðlimir eru formaður, hagsmunafulltrúi eða varaformaður, gjaldkeri, vísindafulltrúi og skemmtanafulltrúi.
 - ii. Kjósa skal þrjú nýnemafulltrúa, einn úr hverju námi. Einn úr þroskaþjálfarafræði, einn úr tómsunda- og félagsmálafræði og einn úr uppeldis- og menntunarfræði.
 - iii. Kjósa skal um einn fulltrúa úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Um kosningu þeirra fer fram samkvæmt reglum diplómanemana.

8. Grein

- a. Stjórnin fer með málefni félagsins á milli aðalfunda og framfylgir stefnu þess.
- b. Stjórnarfundir skal halda að jafnaði einu sinni í mánuði á tímabilinu september til maí loka.
- c. Hagsmunaaðili og stjórn þurfa að vera í góðu samstarfi og honum ber að funda einu sinni í mánuði með stjórn.
- d. Stjórn skal halda fundargerð sem aðgengileg er öllum félagsmönnum.
- e. Firmaritun félagsins er í höndum formanns og gjaldkera.

VII. Starfstímabil

9. grein

- a. Starfstímabil félagsins er skólaárið.

10. grein

- a. Á aðalfundi félagsins skal stjórn kynna starf liðins árs, fjárhagsstöðu og verkefni félagsins sbr. gr.7.
- b. Aðalfundi skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum.
- c. Aðeins félagsmenn sem greitt hafa aðildargjald mega sitja aðalfund og hafa atkvæðisrétt.
- d. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála.
- e. Við lagabreytingar þarf þó 2/3 greiddra atkvæða til þess að breyting sé löglega samþykkt.

VIII. Hagnaður

11. grein

- a. Rekstrarafgangi /hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins og sett í sjóð fyrir komandi námsár.

IX. Lagabreytingar

12. grein

- a. Lögum þessum er einungis hægt að breyta á aðalfundi og með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytingar mega berast til stjórn félagsins allt skólaárið. Tillögurnar mun stjórnin síðan koma á framfarir á aðalfundi Tuma þar sem kosið verður um allar þær tillögur sem berast henni.

X. Aðgengi

13. grein

- a. Stjórn Tuma á að sjá til þess að allir sem eiga aðild að félaginu hafi jöfn tækifæri á að sækja viðburði sem nemendafélagið heldur með því að tryggja gott aðgengi á þeim stöðum sem viðburðir eru haldnir, hvort sem nemendafélagið eða aðrir standi fyrir þeim.

XI. Slit félagsins

14. grein

- a. Boðað verður til fundar komi upp ákvörðun um slit félags og þarf aukinn meirihluti (2/3) fundarmanna skera úr um það. Við félagsslit skulu eignir félagsins flytjast með félaginu ef um sameiningu við annað félag er að ræða, annars til líknarmála sem aðalfundur kæmi sér saman um.

XII. Hlutverk meðlima stjórnar Nemendafélagsins Tuma

Þrátt fyrir að allir hafa sín skilgreindu hlutverk þá þarf maður ávallt að vera tilbúin að sinna margskonar öðrum verkefnum sem stjórnin þarf að sinna. Stjórnin þarf að vinna sem ein heild og gott samstarf skiptir öllu máli.

Forseti

Hlutverk formanns er að hafa góða yfirsýn. Hann þarf að hafa tíma og orku til þess að setja sig í verkefni félagsins og kynna sér allt sem er í gangi. Hann þarf að passa uppá að öll verkefni stjórnar séu að ganga eins og eigi að ganga. Hann þarf að deila út verkefnum. Það er samvinna allra sem eru í stjórninni sem gerir nemendafélagið frábært. Formaður þarf að vera í góðum samskiptum við samstarfsnemendafélög og hagsmunaaðila nemenda. Hann þarf að passa að lög og reglur sé framfylgt í hvívetna. Formaður þarf að vera leiðtogi. Að vera leiðtogi

krefst bæði tíma og orku. Hann þarf að hugsa út í hvað megi gera betur og vera í hvívetna gagnrýninn á sjálfan sig og stjórnina. Hann þarf einnig að búa yfir hugsjón. Hver eru markmið hans með starfi sínu sem formaður og hverju vill hann ná fram? En mikilvægast er að hann sé fyrirmynd. Hann þarf að vera duglegur að mæta á viðburði og taka virkan þátt. Vera í góðum samskiptum við nemendafélagsmeðlimi og hafa það í huga að öllum verði að líða vel.

Skil formanns í lok skólaárs:

- Skýrsla
- Samningum
- Afsláttatengiliðir

Hagsmunafulltrúi

Hlutverk hagsmunafulltrúa er að vera til halds og traust formanns. Hagsmunafulltrúi sinnir hlutverki formanns ef hann er ekki til staðar. Hagsmunafulltrúi tekur þátt í undirbúningi hvers kyns viðburða sem félagið heldur. Einnig fer hann yfir reikninga í lok árs í samvinnu við gjaldkera.

Skil varaformanns í lok skólaárs:

- Skýrsla
- Samningum
- Afsláttartengiliðir

Gjaldkeri

Sér um að innheimta öll nemendagjöld og setja upp fjárhagsplan og taka frá pening fyrir viðburði nemendafélagsins. Hann sér alltaf um að rukka á viðburði og bera ábyrgð á bankareikningnum og greiðslum til þeirra sem þjónusta er keypt af. Gjaldkeri sér um öll smáinnkaup. Gjaldkeri þarf að vera í góðu samstarfi við gjaldkera hinna samstarfs nemendafélaganna. Gjaldkerar menntavísindasviðs skiptast á að bera ábyrgð á sameiginlegum viðburðum og gjaldkerinn tekur þátt í því að halda utan um stóra viðburði, fjárhagslega líka. Á sameiginlegum viðburðum sér gjaldkeri um að greiða hlut nemendafélagsins í samræmi við hlutfallslega mætingu félagsmanna. Gjaldkerinn fylgist með miðasölum á viðburði og tryggir að allir viti af réttum reikningsupplýsingum. Hann heldur bókhald yfir allar færslur á reikningi félagsins og geymir allar kvittanir. Hann vegur og metur fjárhagslegar áhættur á viðburðum og er alltaf með varaplan.

Skil gjaldkera í lok skólaárs:

- Ársreikningur

Skemmtanafulltrúi

Skemmtanafulltrúi sér um að skipuleggja alla viðburði sem snúa ekki að vísindaferðum. Skemmtanafulltrúi þarf að halda í hefðir nemendafélagsins en einnig að veða og meta eftirspurn félagsmanna um nýja viðburði. Viðburðir nemendafélagsins þurfa að vera vel auglýstir öllum og þarf að vera aðgengilegir öllum félagsmönnum. Skemmtanafulltrúi þarf ekki að vera beinn skipuleggjandi af öllum viðburðum og þarf að meta áhuga stjórnarmeðlima á því að skipuleggja viðburði, deila verkum en alltaf hafa góða yfirsýn og grípa inn í ef skipulag viðburða er ekki að ganga vel.

Skil skemmtanastjóra í lok skólaárs:

- Skýrslu um viðburði ársins
- Tengiliðum við fyrirtæki

Vísindafulltrúi

Hlutverkið felst í því að bóka vísindaferðir, vera í samskiptum við þá sem bjóða upp á vísindaferðirnar, gera skráningaform og halda utan um skráninguna (setja hana af stað, upplýsa meðlimi um hverjir komust inn á lista fyrir vísindaferðir og sér einnig um að skrá forföll og slíkt er viðkemur vísó). Hlutverkið felur einnig í sér að upplýsa nemendur af starfsemi félagsins. Honum ber að útbúa auglýsingar og slíkt fyrir félagið er viðkemur vísindaferðum, viðburðum og öðru. Vísindafulltrúi hvetur félagsmeðlimi til þess að taka virkan þátt og mæta á viðburði. Hann sér um samfélagsmiðla félagsins.

Nýnemafulltrúar

Hlutverk nýnemafulltrúa er að koma skilaboðum á framfæri og vera tengiliður milli stjórnar og bekkjarins. Vera duglegur að taka þátt í félagslífi félagsins og hvetja aðra til að taka þátt og með því halda bekkjarandanum gangandi. Mikilvægt er að nýnemafulltrúi sjái til þess að stjórn hafi greiðan aðgang að nemendum sem eru að koma nýir inn í skólann og að félagið sé þeim aðgengilegt.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins 30. apríl 2023